



**FUNDARGERÐ**  
**24. fundur Odda bs**  
**haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , 25. febrúar 2020**  
**og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Björk Grétarsdóttir, Haraldur Eiríksson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Elín Grétarsdóttir, Valtýr Valtýsson, Klara Viðarsdóttir og Ágúst Sigurðsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Formaður lagði til að við bættist liður 4. Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags og var það samþykkt samhljóða.

**Dagskrá:**

**1. Rekstraryfirlit Odda bs 2020 - 2001020**

*Rekstur Odda bs jan 2020*

Klara Viðarsdóttir fór yfir og kynnti rekstraryfirlit janúar-desember 2019 og janúar 2020 fyrir Odda bs. Einnig var farið yfir ákvæði 5.7.7.2 í kjarasamningi Verkalýðsfélags Suðurlands og ÁS falið að ganga frá samningi við Verkalýðfélagið á þeim nótum sem rætt var á fundinum og leggja fyrir á næsta fundi stjórnar Odda bs.

Samþykkt samhljóða.

**2. Efling náms í upplýsingatækni og forritun - 1901030**

Tekið fyrir að nýju erindi frá Eypóri Mána Steinarssyni og Muhammad Azfar Karim varðandi hugmyndir þeirra um að byggja forritun inn í námsskrá grunnskóla Odda bs. Tillaga þeirra var á sínum tíma að stjórn Odda tæki stefnumarkandi ákvörðun um að forritun verði í ríkari mæli hluti af námsskrám skólanna og hluti af skólastefnunni. Tillaga um að fela ÁS að senda erindi til skólastjórnenda grunnskólanna þar sem þessi mál eru reifuð að nýju og óska jafnframt eftir því að þeir komi til næsta fundar Odda bs til að fara yfir næstu skref í málinu.

Samþykkt samhljóða.

**3. Samstarf í menntamálum við Pólland - 2002040**

*Frá Mennta og Menningarmálaráðuneyti*

Til kynningar.

**4. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags - 2002043**

*Umsókn frá Akureyrarbæ*

*Elín Grétarsdóttir vék af fundi undir þessum lið.*

Fært í trúnaðarmálabók.

UHG  
46  
B  
A

Fundargerð yfirlésinn og samþykkt.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:30.**

  
Björk Grétarsdóttir

  
Haraldur Eiríksson

  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

  
Brynja Jóna Jónasdóttir

Elín Grétarsdóttir

  
